

Ed.

611. Frumvarp til laga

[191. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 355 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

5. gr. hljóðar svo:

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög ríkissjóðs, 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1973.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins, m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tækniþjónustu með framlögum eða lánum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins, að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra, að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánnum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig, að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

7. gr. hljóðar svo:

Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánakjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.